

Mánudaginn, 25. sept. 1933.

Nr. 59/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Árna J. Strandberg

(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun. Ítrekun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 5. apríl 1933: Kærði, Árni Jónsson Strandberg, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði og greiði 4000 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 95 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint bruggunartæki skal upptækt og eign rikissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri einni breytingu, að fangelsisrefsing kærða þykir nægilega ákveðin 5 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, í stað 8 mánaða betrunarhússvinnu, sem ákveðin er í hinum áfrýjaða dómi, og að frestur til greiðslu sektarinnar teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 kr. til hvers.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Árni J. Strandberg, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 mánuði. Að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, en

frestur til greiðslu sektarinnar teljist frá lög-
birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls-
ins, þar á meðal málflutningskaup sækjanda og
verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna
Theódórs B. Líndal og Sveinbjarnar Jónssonar,
50 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn
Árna Jónssyni Strandberg, bakara, til heimilis á Hörpu-
götu 21 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr.
64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 26. marz síðastliðinn klukkan 9,45 gerði lögregla-
an húsleit hjá kærða á heimili hans eftir ólöglegu áfengi
og bruggunartækjum. Bar leitinn þann árangur, að í afkima
í milli hænsnabyrgis og geymsluskúrs fann lögreglan hálf-
tunnu fulla af áfengisbruggi í gerjun, en hinsvegar engin
bruggunartæki. Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rann-
sakað sýnishorn af þessu áfengi, og reyndist það að alkó-
hólmagni 7,7% eftir rúmmáli. Kærði hefir játað, að hann
hafi bruggað þetta áfengi í þeim tilgangi að selja það.
Kveðst hann hafa ætlað að fullbrugga þetta áfengi með
því að sjóða það á venjulegan hátt, og tækin til þess kveðst
hann hafa ætlað að smíða sjálfur, en var ekki byrjaður á
því er leitinn var gerð.

Kærði hefir áður sætt refsingu er hér segir:

1) Hinn 30. júní 1931 var hann í lögreglurétti Reykja-
víkur dæmdur í 30 daga fangelsi við venjulegt fangavið-
urværi og 1500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis,
brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. og 11. gr., sbr. 32. gr. áfengis-
laga nr. 64, 1930.

2) 11. júlí 1932 var hann í sama rétti sektaður um 500
krónur fyrir ólöglega áfengisbruggun, brot gegn 6. gr., sbr.
30. gr. áfengislaganna.

3) 15. nóvember 1932 var hann í sama rétti dæmdur í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

4) Hinn 7. marz 1933 var hann í sama rétti dæmdur í 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaganna.

Framangreint brot kærða varðar 6. gr., sbr. 30. gr. áfengisлага nr. 64, 1930. Með hliðsjón af því, að kærði er nú í fimmta sinn sekur um ólöglega áfengisbruggun þykir samkvæmt fyrirmælum 30. greinar áfengislaganna ekki hjá því komizt, að dæma hann auk sektar, í hegningarvinnu. Að þessu athuguðu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði og 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 95 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Tunnu þá, sem kærði bruggaði í, ber að gera upptæka til ríkissjóðs, en þar sem brugginu hefir þegar verið helkt niður, þarf ekki að kveða á um meðferð þess. Loks ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 27. sept. 1933.

Nr. 17/1933. **Réttvísín** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Kristjáni Sigurmundssyni og Jóni Jónssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot gegn 255. og 259. gr. h. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 5. dez. 1932: Ákærður, Jón Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli. Ákærður, Kristján Sigurmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og greiði allan kostnað sakarinnar. En fangelsisrefsingunni skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms